

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags vélstjóra og málmæknimanna (VM)

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags vélstjóra og málmæknimanna föstudaginn 6. nóvember 2020, kl. 9:00.

F.h. Félags vélstjóra og málmæknimanna (VM), Halldór Arnar Guðmundsson og Guðmundur Helgi Þórarinnsson.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga Inga Rún Ólafsdóttir, Benedikt Þór Valsson og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta mál var tekið fyrir:

1. Greiðslur fyrir útkall

Í grein 2.3.3. í kjarasamningi kemur m.a. fram að ekki er greitt fyrir útkall ofan á útkall.

„Þegar um endurtekin útköll er að ræða og greiðslutími fyrri/fyrsta útkalls er ekki liðinn þegar hið næsta hefst, skal greiða samfelldan tíma frá upphafi fyrri/fyrsta útkalls til loka þess síðara/síðasta. Þetta á við um útköll hvort sem starfsmaður er á bakvakt eða ekki.“

Fulltrúar VM gerðu grein fyrir málinu og mikilvægi þess að gæta jafnræðis meðal starfsmanna sem vinna sömu störf en eru ekki í sama stéttarfélagi.

Niðurstaða:

VM kannar framkvæmd hjá umræddum vinnustað.

2. Akstur í útkalli

Í kjarasamningi eru tvær greinar sem taka á greiðslum vegna ferða, grein 5.7.7.1 og 5.7.7.2. VM bendir á að hvorug þessara greina taki á ferðakostnaði vegna útkalla á bakvakt sem séu utan vinnutíma og mögulega utan þess tíma sem almenningssamgöngur eru í boði. Í hefðbundnum ferðum í og úr vinnu ræður starfsmaðurinn sínum tíma, en þegar um útkall er að ræða þarf viðkomandi að vera mættur sem fyrst eða á tilsettum tíma.

VM telur að ef stofnun, sem er staðsett í þéttbýli, ræður starfsmann sem býr utan viðkomandi þéttbýlis til að vera á bakvakt er eðlilegt að greiða viðkomandi fulla ferðapeninga frá heimili hans og á starfsstað þegar um er að ræða útköll á bakvakt.

Niðurstaða:

SNS tekur málið til frekari skoðunar.

3. Vinnuveitandavottorð

Í grein 10.2.2. kemur m.a. fram að við mat á starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum til persónuálags getur sveitarfélag krafist starfsmann um gögn sem staðfesta þann starfstíma (vinnuveitendavottorð).

VM vekur athygli á að þetta geti verið of strangar kröfur. Það er t.d. ekki hægt að leggja fram vottorð frá fyrirtækjum sem ekki eru lengur starfandi.

Niðurstaða:

Ef hægt er að staðfesta starfsaldur með einhverjum hætti t.d. upplýsingum frá lífeyrissjóði eða stéttarfélagi þar sem fram koma upplýsingar um vinnustaði er má horfa til þess þegar því verður við komið. Stéttarfélagsgjöld ein og sér staðfesta ekki að viðkomandi hafi unnið við sama eða sambærilegt starf. Í sumum tilvikum getur verið erfitt í framkvæmd að nálgast vinnuveitendavottorð langt aftur í tímann.

4. Fæðispeningar

Aðilar eru sammála um breytingar á grein 3.4.3 og 3.4.4 .

3.4 FÆÐI OG MÖTUNEYTI

Grein 3.4.3 breytist og hljóði svo:

- 3.4.3 Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2 skulu starfsmenn greiða kr. 647 fyrir hverja máltíð. Upphæðin skal koma til framkvæmdar 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (232,13 stig) í október 2019. Reynist kaupverð vinnuveitanda á aðkeyptum mat lægra en sem nemur þessari upphæð skal miða greiðslur starfsmanna við það.

Grein 3.4.4 breytist og hljóði svo:

- 3.4.4 Starfsmenn sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.4.1 - 3.4.3. skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 647 fyrir hvern vinnuskyldudag, enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:
- Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
 - Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
 - Matarhlé sé aðeins 1/2 klst. eða 1 kennslustund í skólum.

Upphæðin skal koma til framkvæmdar 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (232,13 stig) í október 2019.

5. Heildarkjarasamningur

Aðilar eru sammála um að ganga frá heildarkjarasamningi eins fljótt og kostur er.

6. Stofnun A

Fulltrúar VM gerðu grein fyrir stöðu málsins.

Niðurstaða:

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gengið frá kjarasamningum við þau stéttarfélög sem tengjast viðkomandi stofnun en gerir ekki sérstakan samning við stéttarfélögin vegna stofnunarinnar.

SNS mun ræða við sveitafélagið um málið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:50.